

# Vinnulag í ung- og smábarnavernd þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun—notkun M-CHAT-R/F og tilvísanir

Þróunarverkefni til vors 2022

**Þegar grunur vaknar um einhverfu þarf að skoða eftirfarandi:**

## Rauð flögg við 12 mánaða aldur

- Ekkert babl til staðar
- Engar bendingar/annað látbragð til staðar
- Afturför í þroska
- Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

## Rauð flögg við 18 mánaða aldur

- Ekkert orð til staðar
- Stöðnun eða afturför í þroska
- Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

## Þroskamat við 18 mánaða aldur

- Barn bendir ekki til að sýna áhuga
- Notar ekki 6-10 orð

## Áhyggjur foreldra á PEDS

- Skoðið m.t.t. annarra vísbendinga um vanda

## Athugið einnig hvort barnið \*

- Bregst við eigin nafni
- Reynir að ná augnsambandi við þig
- Horfir á hlut í fjarlægð sem þú bendir á
- Tekur þátt í ímyndunarleik ( s.s. drekka úr bolla, gefa dúkku að borða) og notar augnsamband við þig í leiknum

**Ef ofangreind atriði og klínískt mat gefa vísbendingar um einhverfu er eftirfarandi gert:**

1. Hjúkrunarfræðingur upplýsir foreldra um áhyggjur sínar af þroska barnsins og að þörf sé á frekari skoðun.
2. Beiðni um heyrnarmælingu og athugun hjá talmeinafræðingi.
3. Hjúkrunarfræðingur leggur M-CHAT-R fyrir foreldra.\*\*
4. Ef 3 eða fleiri atriði á listanum benda til einhverfu, er haft samráð við barnasálfræðing og lækni á heilsugæslustöð.
5. Sálfræðingur leggur fyrir M-CHAT-R/F eftirfylgdarviðtal á heilsugæslustöð eða í gegnum síma.
6. Ef 8 eða fleiri atriði á M-CHAT-R/F má sleppa eftirfylgdarviðtali og vísa beint í greiningu.

**Ef barn stenst ekki 2 atriði í eftirfylgdarviðtali:**

1. Tilvísun send til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR). Mikilvægt að hafa greinargóða lýsingu á áhyggjum fagfólks og foreldra, helstu atriði í þroskasögu barns og lýsingu á einkennum barnsins og vanda. Niðurstöður úr heyrnarmælingu og athugun talmeinafræðings ef liggja fyrir.
2. Leikskóli/skólapjónusta upplýst um áhyggjur. Mælt með forgangi um vistun og snemmtækri íhlutun ef við á.
3. Ráðgjöf og fræðsla til foreldra og áframhaldandi eftirfylgd í ung- og smábarnavernd.

**Ef sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur eru í vafa um þörf á aðkomu GRR:**



\* Byggt á Joint Attention Observation Schedule (JA-OBS), <https://doi.org/10.1016/j.ridd.2012.02.018>

\*\* M-CHAT-R/F spurningalistar, eftirfylgdarviðtal og leiðbeiningar: <https://mchatscreen.com/mchat-rf/translations/>